

144. fundur skráningarráðs, 12. desember 10:00-11:30 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmisdóttir, Þorsteinn Doddi Jónsson

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

Ritari: María Bjarkadóttir

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin og yfirfarin.

Undir lið 4 kom fram ábending frá Sveinbjörgu varðandi gagnagrunna, ef er áhugi fyrir að fá inn fleiri gagnagrunna verða að koma fram ábendingar til að Landskerfi viti hvað er áhugi fyrir.

Liður 6 um skráningarleyfi færður til janúar

Liður 7 efnisorð – er í vinnslu

Fundargerð samþykkt

2. Record Manager OCLC

Rætt um OCLC-kynningu sem meðlimir skráningarráðs sátu þann 5. desember á Teams. Sveinbjörg minnir OCLC á að deila upptöku af fundinum með ráðinu.

Skráningarráð hefur prufuaðgang að nýju skráningarviðmóti OCLC út febrúar. Landskerfi mun ekki rukka fyrir leit í OCLC á meðan prufuaðgangur er í gangi.

Sveinbjörg fór yfir almennar upplýsingar um notkun á OCLC og ýmis tæknileg atriði við aðganginn sem þarf að leysa ef hann verður tekinn í notkun. Einnig rætt um ýmsar útfærslur á greiðslulíkani.

Ákveðið að taka stöðuna á næsta fundi skráningarráðs. Doddi boðar á fund í janúar til að fara yfir notkunina.

Sveinbjörg fór af fundi kl. 10:35

3. Eftirfylgni með óloknum málum: Safnfærslur, efnistegundir

Safnfærslur – Kristín Lilja hefur sett upp nýtt útlit í sandkassa miðað við breytingar á sviðum 245 (heiti safns) og 246 (safnkóði). Breytingarnar hjálpa notandanum, auka nákvæmni í leit og auðvelda að fela safnfærslur sem eru eingöngu til notkunar fyrir starfsfólk.

Ákveðið að skipta niður lista með safnfærslum sem þarf að uppfæra miðað við breytingar á skráningarráð. Kristín Lilja undirbýr að skipta á milli og útdeilir í byrjun næsta árs.

Sigrún og Kristín Lilja kynna starfsfólki möguleikann á að fela safnfærslur, Sigrún setur upp póst um safnfærslur og breytingar á þeim og sendir eftir jól.

Landskerfi mun sjá um að aðstoða söfn með safnfærslur í framtíðinni.

Efnistegundir – Spil og leikföng verður spil og tæki, framh. frá síðasta fundi. Kristín Lilja biður Thelmu um að breyta þessu hjá LBS og tala svo við Geir Jón hjá Landskerfi til að breyta hjá hinum.

4. Efnisorð

Farið yfir almennar reglur um efnisorðanotkun í bókfræðifærslum. Kristín Lilja hefur sett saman leiðbeiningar og biður skráningarráð um að lesa yfir. Verður tekið fyrir á næsta fundi. Kristín Lilja hefur samband við efnisorðaráð varðandi efnisorð um þýðingar á bókmenntum. Bent á að mikilvægt sé að skrásetjarar skoði umfangslýsingu efnisorða sem er í sviði 680 í nafnmyndafærslum, áður en efnisorð er valið.

5. Önnur mál

Fyrirspurn til Landskerfis frá bókasafni á Austurlandi varðandi skráningu á endurprentunum, s.k. print on demand. Sigrún sendir erindi til Kristínar Lilju og Hallfríðar Hrannar Kristjánsdóttur sviðsstjóra aðfanga og skráningar hjá Landsbókasafni.

Skráningarráði barst erindi frá Hallfríði Hrönn Kristjánsdóttur, ákveðið að fresta því framyfir jól.

Ekki fleira rætt og fundi slitið 11:30.